



HSS

HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURNESJA



Ársskýrsla 2024



Starfsemi HSS

Páttur	2024	2023
Íbúafjöldi í heilbrigðisumdæmi HSS	31.576	29.577
Fjöldi koma á bráðamóttöku	12.603	13.947
Fjöldi innlagna	591	642
Fjöldi legudaga	16.503	8.642
Komur á dagdeild	1.412	2.448
Komur á heilsugæslu	61.816	70.331
Komur á heilsuefandi móttöku	854	979
Komur í sykursýkismóttöku	2.709	2.773
Símtöl í heilsugæslu	53.996	64.703
Rannsóknir á rannsóknastofu	15.738	18.379
Komur í myndgreiningu	6.302	6.182
Komur í mæðravernd	1.930	2.631
Fæðingar	85	102

Stjórnendur HSS

Framkvæmdastjórn árið 2024

Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir, forstjóri - 1. mars 2024
Fjölur Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri lækninga
Alma María Sjafnar Rögnvaldsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar
Helga Hauksdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs og þjónustu
Kjartan Kjartansson, framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar - 15. apríl 2024

Ritari framkvæmdastjórnar er Sóley Ragna Ragnarsdóttir
Gæðastjóri er Helga Signý Hannesdóttir



Stjórnendur

Adda Þorbjörg Sigurjónsdóttir	Yfirsjúkraþjálfari
Andrea Klara Hauksdóttir	Hjúkrunardeildarstjóri heilsugæslu
Ásta Kristbjörg Bjarnadóttir	Hjúkrunardeildarstjóri bráðamóttöku
Ástríður Sigþórsdóttir	Deildarstjóri móttöku og lækna ritara
Baldur Már Bragason	Upplýsingatæknistjóri
Bryndís Sævarsdóttir	Hjúkrunardeildarstjóri sjúkradeild
Guðlaug María Sigurðardóttir	Yfirljósmóðir
Helga Auðunsdóttir	Yfirgeislafræðingur
Inga Guðlaug Helgadóttir	Yfirsálfræðingur
Karen Rúnarsdóttir	Yfirlífeindafræðingur
Kjartan Jónas Kjartansson	Yfirlæknir sálfélagslegrar þjónustu
Kristinn Logi Hallgrímsson	Yfirlæknir sjúkradeild
Margrét Blöndal	Hjúkrunardeildarstjóri heimahjúkrun
Maria K Idarraga Calderon	Innkaupastjóri
Ólafur Sveinn Guðmundsson	Deildarstjóri eldhúss
Snorri Björnsson	Yfirlæknir heilsugæslu
Vigdís Elísadóttir	Hjúkrunardeildarstjóri hjúkrunardeild

Frá forstjóra

Samfélagsleg ábyrgð HSS



Í lok árs 2023 auglýsti heilbrigðisráðherra embætti forstjóra Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja laust til umsóknar og undirrituð tók við því embætti þann 1. mars 2024. Þessi ársskýrsla er yfirlit yfir starfsemi HSS á árinu 2024. Skýrslan endurspeglar þau verkefni, áskoranir og árangur sem einkenndu starfsárið.

Árið hefur verið um margt sögulegt á HSS sem og fyrir samfélagið allt á Suðurnesjum vegna jarðskjálfta og eldsumbrota. Það hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan hornsteinn var lagður að stofnuninni, en það gerði fyrsti forseti Íslands Sveinn Björnsson í september árið 1944 og Guðjón Samúelsson húsmestari ríkisins teiknaði húsið. Stærð sjúkrahússins var þá 25 rúm en íbúar voru 3900 talsins. Sjúkrahúsið í Keflavík var vígt formlega þann 18. nóvember 1954 og varð stofnunin því 70 ára á starfsárinu. Móttaka var á afmælisdaginn með ráðherra, sóttvarnalækni, sveitastjórnun, starfsfólki og velunnurum stofnunarinnar. Í framhaldinu var afmælisvika þar sem vakinn var athygli á starfsemi. Stefna HSS til ársins 2030 var kynnt á 70 ára afmæli stofnunarinnar.

Hlutverk HSS er að efla heilsu íbúa á Suðurnesjum og því er mikil áhersla lögð á samfélagslega ábyrgð HSS, einkum með því að færa þjónustuna nær íbúum. Til að bæta aðgengi að heilbrigðisþjónustu var skrifað undir viljayfirlýsingu um að hefja undirbúning á heilsugæsluþjónustu í Suðurnesjabæ, mun opnunin verða um mitt ár 2025. Lögð var loka-hönd á opnun heilsugæsluþjónustu í Sveitafélaginu Vogum og opnaði hún í janúar 2025.

Gildi HSS - Mennska - Myndugleiki - Menning eru leiðarljós í öllu starfi stofnunarinnar og á grunni þeirra hefur mikil áhersla verið lögð á að byggja upp ásynd, ímynd og traust meðal íbúa og stjórn-sýslunnar á stofnuninni. Búið er að stíga mikilvægt skref í húsnæðismálum, verið er að vinna að þarfa-greiningu á húsnæði HSS, samþykkt hefur verið framkvæmd við sjúkrahálinnkeyrslu og byrjað að endurnýja innanstokksmuni.

Framtíðarsýn HSS er að vera heilbrigðisstofnun til fyrirmyndar á öllum sviðum þjónustunnar. Áhersla hefur verið lögð á að efla starfsemi og má nefna í því samhengi að tekist hefur að fækka sjúkraflutningum um 64% frá bráðamóttöku HSS á bráðamótöku Landspítala þar sem nú er meiri þjónusta á bráðamóttöku HSS. Innleiddir hafa verið daglegir



öryggisfundir, svokallað stöðumat sem er liður í betri yfirsýn og auknu samstarfi milli deilda.

Með samstilltu átaki HSS og heilbrigðisráðuneytisins tókst að ná tökum á rekstri HSS og nam rekstrarafgangur stofnunarinnar 2,5% af tekjum sem lækkaði uppsafnaðan halla um 14,1%.

Til að styrkja starfsemi í takt við áherslu og stefnu voru breytingar gerðar á skipuriti HSS á starfsárinu. Starfseiningar voru færðar frá framkvæmdastjóra mannauðsmála og framkvæmdastjóra hjúkrunar til framkvæmdastjóra fjármála- og rekstar og framkvæmdastjóra lækninga.

Á HSS starfar gríðarlega hæft starfsfólk sem er einstaklega sterkur og góður hópur. Það er mikilvægt að styðja við starfsfólk í starfi og auka starfsánægju með því að skapa öruggt og hvetjandi starfsumhverfi sem styður við starfsþróun. Haldnir hafa verið reglulegir starfsmannafundir með það að markmiði að tryggja upplýsingaflæði til starfsfólks.

Árið 2024 var viðburðaríkt og krefjandi, en einnig fullt af dýrmætum tækifærum og árangri. Ég vil þakka öllu starfsfólki HSS fyrir ómetanlegt framlag sem og samstarfsaðilum fyrir traust og stuðning. Með samstilltu átaki verður byggt á þeim grunni sem lagður hefur verið til að efla heilbrigðisþjónustu á Suðurnesjum. Framtíðin kallar á okkur með ný verkefni og áskoranir. Með mennsku, myndugleika og menningu að leiðarljósi höldum við áfram að bæta þjónustu HSS og auka þannig heilbrigði íbúa á Suðurnesjum.

Með bestu kveðju og þakklæti,
Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir, forstjóri HSS.




Stefna HSS til 2030

Vinna við stefnumótun HSS hófst á vormánuðum 2024. Á grunni lýðheilsuvísa embættis landlæknis var farið af stað í stefnumótunarvinnu með það að markmiði að bæta þjónustu, styrkja ímynd og auka traust til HSS. Þann 5. júní var haldinn íbúafundur í Hljómahöllinni til þess að eiga opinskátt samtal við samfélagið. Þar fór fram mikilvæg umræða um þjónustu stofnunarinnar, hvað væri vel gert og hvað mætti betur fara.

Íbúar og starfsfólk komu með mjög gagnlega endurgjöf meðal annars um aðgengi, traust til stofnunarinnar og skort á samfelldri þjónustu. Það var ómetanlegt að eiga þetta samtal við íbúa og fá vel ígrundaðar ábendingar frá starfsfólki stofnunarinnar. Stefna HSS var birt á 70 ára afmælinu þann 18. nóvember 2024.

Skipurit stofnunarinnar



Fjármál og rekstur

Markverðar breytingar

- Markverðar breytingar milli ára og endurspeglast í ársreikningi eru einna helst:
- Tekjur jukust um 26,3% milli ára, úr 4,78 milljörðum í 6,05 milljarða.
 - Gjöld jukust um 7,4% milli ára, úr 5,49 milljörðum í 5,90 milljarða.
 - Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður jókst um 11%, úr 3,97 milljörðum í 4,40 milljarða.
 - Fjöldi stöðugilda fór úr 242,9 í 260,6, aukning um 7,3%.
 - Meðallaun á stöðugildi hækkðu því um 3,4% á árinu.
 - Annar rekstrarkostnaður dróst saman um 3,2%, fór úr 1,47 milljörðum í 1,43 milljarða.
 - Rekstrarafgangur var 2,5% af tekjum, 149 milljónir.
 - Uppsafnaður halli í rekstri stofnunarinnar fór úr 1,08 milljörðum í 929,5 milljónir sem er lækkun um 14,1%.

Að baki þessum tölum er þrotlaus vinna starfsfólks og stjórnenda HSS við að leita tækifæra til að bæði auka tekjur stofnunarinnar og draga úr kostnaði en um leið veita betri þjónustu við samfélagið.

Ábati vinnunnar skilaði sér mælanlega í rekstrarþáttum svo sem; í aukinni innheimtu frá fyrirtækjum og stofnunum fyrir veitta þjónustu, hraðari samþykkt reikninga og minni vaxtakostnaði, skilvirkari innkaupum, bættri ásýnd, aukinni ánægju starfsfólks og skjólstæðinga, nánara samstarfi við stjórnvöld og aðrar stofnanir en það sem skiptir svo mestu máli, og virðist hafa náðst, er að HSS er að tengjast samfélaginu sínu betur.



Frá fundi um stefnumótun í Hljómahöll og íbúafundi um heilsugæslu í Suðurnesjabæ.



Rekstrarreikningur

Tekjur	2024	2023
Tekjufærsla fjárveitinga	5.572.775.448	4.300.975.000
Seld þjónusta	323.793.420	349.429.981
Vörusala	81.354.984	76.787.189
Framlög og ýmsar tekjur	0	8.653.993
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	70.836.771	51.799.929
Tekjur samtals	6.048.760.623	4.787.646.092
Gjöld		
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4.402.718.838	3.967.099.295
Annar rekstrarkostnaður	1.426.253.587	1.474.050.714
Afskriftir og niðurfærslur	70.836.771	51.799.929
Gjöld samtals	5.899.809.196	5.492.949.938
Afkoma fyrir fjármagnsliði	148.951.427	(705.303.846)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	4.424.717	3.042.028
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	(682.712)	(10.224.670)
Fjármunatekjur og gjöld samtals	3.742.005	(7.182.642)
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum		
Rekstur	152.693.432	(722.861.488)
Rekstrartilfærslur	0	10.375.000
Afkoma ársins	152.693.432	(712.486.488)

Efnahagsreikningur

Eignir	12/31/24	12/31/23
Handbært fé	17.588.070	440.001.202
Viðskiptakröfur	366.003.347	186.439.901
Tengdir aðilar	240.418.692	124.286.939
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	35.102.176	27.871.685
Birgðir	20.504.414	27.656.916
Varanlegir rekstrarfjármunir	325.355.611	311.036.528
Eignir samtals	1.004.972.310	1.117.293.171
Skuldir		
Tengdir aðilar	482.060.452	976.180.920
Viðskiptaskuldir	109.954.319	238.929.478
Ýmsar skammtímaskuldir	888.654.707	483.536.602
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	437.392.480	484.429.251
Skuldir samtals	1.918.061.958	2.183.076.251
Eignir samtals að fráðregnum skuldum samtals	(913.089.648)	(1.065.783.080)
Eigið fé		
Hrein eign	(913.089.648)	(1.065.783.080)
Eigið fé samtals	(913.089.648)	(1.065.783.080)
Eigið fé og skuldir samtals	1.004.972.310	1.117.293.171

Sjóðstreymisyfirlit

Rekstrarhreyfingar	2024	2023
Hreint veltufé frá rekstri:		
Afkoma ársins	152.693.432	(712.486.488)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	70.836.771	51.799.929
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	(70.836.771)	(51.799.929)
	152.693.432	(712.486.488)
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:		
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur	(186.793.937)	(37.852.806)
Tengdir aðilar	(671.608.075)	648.334.046
Birgðir	7.152.502	(6.269.403)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:		
Skammtímaskuldir	276.142.946	88.935.377
	(575.106.564)	693.147.214
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	(422.413.132)	(19.339.274)
Fjárfestingarhreyfingar		
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	(85.155.854)	(167.261.927)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna	0	730.000
	(85.155.854)	(166.531.927)
Fjármögnunarhreyfingar		
Tengdir aðilar	61.355.854	143.631.927
Fjárfestingaframlag	23.800.000	22.900.000
	85.155.854	166.531.927
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(422.413.132)	(19.339.274)
Handbært fé í byrjun árs	440.001.202	459.340.476
Handbært fé í árslok	17.588.070	440.001.202



HSS leiðir byltingu í augnskimun með gervigreind

RetinaRisk, er fyrirtæki í forystuhlutverki í notkun gervigreindar í heilbrigðisþjónustu, hóf samstarf við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja um augnskimun við augnsjúkdómum af völdum sykursýki. Þetta skref markar tímamót í heilbrigðisþjónustu á Íslandi, þar sem HSS tekur í notkun byltingarkennda tækni til að bæta heilbrigðisþjónustu við sína skjólstæðinga.

Augnskimun með gervigreind frá RetinaRisk mun gera stofnuninni kleift að greina sjónskerðandi augnbotnabreytingar af völdum sykursýki á gríðarlega skilvirkan hátt á stofnunni sjálfri og tilvísa aðeins þeim með staðfestan grun um breytingar til augnlækis. Þetta minnkar kostnað gríðarlega fyrir sjúklingahópinn í heild sinni ásamt því að stórbæta aðgengi að skimun og beina skjólstæðingum til augnlækna fyrir þá sjúklinga sem þurfa á því að halda.


„Við erum gríðarlega ánægð með samstarfið við HSS og er stofnunin að sýna mikinn nýsköpunarkraft í að taka þessa tækni í notkun,“ sagði Ægir Þór Steinarsson, framkvæmda-

stjóri RetinaRisk. „Samstarf okkar mun ekki aðeins gera HSS kleift að bjóða upp á skilvirkari greiningu fyrir sjúklinga, heldur einnig að draga verulega úr byrði á heilbrigðiskerfið í heild sinni.“

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja rekur eina stærstu sykursýkismóttöku landsins með vel yfir 1000 manns í eftirfylgni og hefur getið sér gott orð fyrir einstaklega vel skipulagða nálgun. Stofnunin þjónar breiðum notendahópi og hefur mætt vaxandi þörf sem hefur skilað sér í þeim gæðum sem einkennir starf móttökunnar. Aðgengi að augnskimun á augnlæknastofum fer minnkandi samhliða mikilli fjölgun fólks með sykursýki og takmörkuðum fjölda augnlækna. Þetta kallar á nýja nálgun sem gervigreindin er að leysa.

Lionsklúbbur Njarðvíkur styrkti HSS til kaupa á tækinu. Með þessu nýja samstarfi stefna RetinaRisk og HSS að því að bæta heilbrigðisþjónustu og setja nýjan staðal í augnskimun sem mun gagnast sjúklingum um allt land.

Heimahjúkrun



Búsetutími (mánuðir) á hjúkrunarheimilum árið 2023

Ráðgjafafyrirtækið KPMG í samstarfi við verkefnastjórn Gott að eldast hafa unnið mikla greiningu á þjónustu við aldraða í heimahúsi. Suðurnesin skera sig úr þegar kemur að hlutfalli vitjana heimahjúkrunar á kvöldin, eða um 42% vitjana til 80 ára og eldri eru að kvöldi til. Einnig er fjöldi vitjana yfir meðaltali annarra heilbrigðisumdæma. Aðgengi þeirra sem eru 80 ára og eldri að heimilislækni er gott, eða um 94,6% sem hitta heimilislækni árlega. Það sem vekur athygli er að það er meiri

samskipti við sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga á heilsugæslu en í öðrum heilbrigðisumdæmum. Draga má þá ályktun að gott aðgengi að fjölbreytum starfsmannahópi á heilsugæslu og góðri þjónustu um kvöld og helgar, bæði á vegum heimahjúkrunar og sveitafélaganna skilar sér í að fólk fer seinna á hjúkrunarheimili á Suðurnesjum en í öðrum heilbrigðisumdæmum eða búsetutíminn á Suðurnesjum er 11,7 mánuðir.

Mannauður

Mannauður	2024	2023
Fjöldi starfsfólks	443	454
Fjöldi stöðugilda	260	248
Heildareinkunn í Stofnun ársins	3,85	X

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Páttur	2020	2024
Heildareinkunn	3,70	3,85
Stjórnun	3,87	4,02
Starfsandi	4,24	4,22
Launakjör	2,61	2,71
Vinnuskilyrði	3,35	3,62
Sveigjanleiki vinnu	3,96	4,01
Sjálfstæði í starfi	4,17	4,03
Ímynd stofnunar	2,83	3,24
Ánægja og stolt	4,06	4,10
Jafnrétti	4,00	4,18

Stofnun ársins er samstarfsverkefni Sameykis, Fjármála- og efnahagsráðuneytisins, og fjölmargra stofnana en hún nær til um 35.000 manns á opinberum vinnumarkaði.

Einungis er til samanburður frá árinu 2020 en þar sést að heildar einkunn HSS er á uppleið. Þar kemur vel í ljós að vinnuskilyrði, ímynd stofnunar, ánægja í starfi og stjórnun mælist mun betri en árið 2020. Betur má ef duga skal og vonumst við til að útkoman árið 2025 verði enn betri.

Mikilvægt er að nýta niðurstöðuna til að vinna að umbótum í stjórnun og starfsumhverfi. Ekki eru til starfsánægjukannanir á HSS en stefnt er að framkvæma slíka á árinu 2025.



[Frétt Víkurfrétta af 70 ára afmælinu í nóvember 2024]



Miklu áorkað á krefjandi tímum

- Sjötíu ára afmæli Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fagnað
- Oddfellowar gáfu HSS veglega peningagjöf til tækjakaupa

„Okkar verkefni er að byggja upp traust sem hefur ekki verið nægjanlegt. Markmið okkar sem störfum á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja er að gera hana að fyrirmyndarstofnun meðal annars með nýrri stefnu og öflugu starfi,“ sagði Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir, forstjóri HSS á 70 ára afmælisdegi stofnunarinnar sem haldinn var hátíðlegur með afmælisboði í húsa-kynnum heilsugæslunnar á afmælisdaginn 18. nóvember en haldið var upp á tímamótin alla afmælisvikuna.

Guðlaug Rakel, sem kom til starfa sem forstjóri HSS 1. mars 2024, þakkaði sveitarstjórnarfólki og bæjarstjórum á Suðurnesjum fyrir mikinn stuðning við stofnunina nú sem fyrr og eins bæjarbúum en rödd þeirra væri mikilvæg fyrir HSS og kom berlega í ljós á opnum fundi á árinu.

Gott samband við íbúa

„Það er mjög mikilvægt að vera í góðu sambandi við íbúana og við munum halda áfram að tryggja gott samtal við þá með fleiri opnum fundum. Þar koma fram mikilvægar upplýsingar fyrir okkur. Við erum á þessum stóru tímamótum að gera margt og stofnunin hefur styrkst mjög mikið á undanförnum árum. Við erum að ljúka við nýja stefnumótun sem inniheldur mikilvæg framtíðarskref, margvíslegar leiðir að aukinni þjónustu við íbúa sem og halda vel utan um starfsfólkið okkar. Þetta allt og margt fleira mun hjálpa okkur að stíga rétt skref í að auka heilbrigði íbúa á Suðurnesjum,“ sagði forstjórinn. Keflvíkingurinn Guðfinna S. Bjarnadóttir var fundarstjóri fundarins.

Miklu áorkað á stuttum tíma

Í afmælishófinu tóku nokkrir til máls, m.a. bæjarstjórar Reykjanesbæjar, Suðurnesjabæjar og Voga og Willum Þór Þórsson, heilbrigðisráðherra sem sagði að stór skref hafi verið tekin á undanförnum árum í þjónustu HSS. „Það er erfitt að lýsa því hvað HSS hefur áorkað miklu á stuttum tíma á krefjandi tímum

á undanförnum árum. Nefna má nýja legudeild, nýja bráða-móttöku, efling heilsugæslu, viljayfirlýsingu um nýja heilsugæslu og stórauðna þjónusta við íbúa og framundan er opnun heilsugæsluþjónustu í Vogum og í Suðurnesjabæ. Heilbrigðisþjónustan verður aldrei fullkomin, það er alltaf hægt að bæta sig enda eru sífellt að koma nýjar áskoranir en það er ekki hægt annað en að hrósa Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og ég vil óska Suðurnesjamönnum til hamingju með hana,“ sagði Willum.



Grindvík og unga fólkið

Guðrún Aspelund, sóttvarnarlæknir sagði áskoranir á Suðurnesjum margar en einnig tækifæri. Hún benti á að nota lýðheilsuvísa embættis landlæknis niðurstöður til vöktunar á líðan eftir áföll og að fylgjast þyrfti vel með afleiðingum sem atburðir í Grindavík hafa haft á fólk. Heilbrigðiskerfið þyrfti að vera undirbúið að taka á móti Grindvíkingum með fjölbætt heilbrigðisvandamál. Einnig nefndi hún að fólk á landbyggðinni, m.a. á Suðurnesjum meti hlutfallslega feiri andlega og líkamlega heilsu sína sæmilega eða lélega og fleiri hefðu fjárhagsáhyggjur. Fleiri ungmenntu teldu sig út undan í skóla og þó líðan þeirra væri almennt góð þá mældist meiri notkun þunglyndislyfja, nikótínþúða og orkudrykkja hjá yngra fólki.

Tveir starfsmenn HSS, Guðrún Ösp Theodórsdóttir, hjúkrunarfræðingur, og Eggert Eyjólfsson, bráðalæknir, sögðu frá ánægjulegri reynslu sinni sem starfsmenn á stofnuninni. Þar væri liðsandiinn til algerrar fyrirmyndar og samheldni mikil.





TRAUST	STEFNUÁHERSLUR	MÆLINGAR	MARKMIÐ
	1. Samfélagsleg ábyrgð 2. Upplýsa um þjónustu 3. Heilsuefning 4. Hýlegt umhverfi	- Viðhorf til HSS - Valdir lýðheilsuvísar - Markviss notkun samfélagsmiðla - Notendavæn heimasíða - Íbúafundur og sýnileiki	• Ánægja með HSS - Jákvæð upplifun íbúa - Sterk ímynd og traust - Gott húsnæði • Almenn lýðheilsa
ÞJÓNUSTA			
	1. Skjólstæðingar fá bestu mögulegu meðferð 2. Samfelld þjónusta 3. Gott aðgengi að þjónustu 4. Fjarheilbrigðisþjónusta	- Þjónustukannanir - Mælingar á biótíma - Gæðavísar embættis landlæknis - Sjúklingar þátttakendur í eigin meðferð - Notkun heilsuvera.is	• Skjólstæðingar ánægðir með þjónustu HSS • Nýta upplýsinga- og tæknilausnir
STARFSFÓLK			
	1. Eftirsóknarverður vinnustaður 2. Starfsánægja 3. Samvinna 4. Viðurkennt kennslusjúkrahús	- Virk mannauðs stefna - Mönnunarviðmið - Starfsánægjukannanir - Heilsuefandi vinnuumhverfi - Fjöldi nemenda	• Starfsánægja • Hæft starfsfólk • Öflug sl- og endurmenntun • Þverfagleg teymisvinna
SJÁLFBÆRNI			
	1. Skilvirkur rekstur 2. Umhverfisvæn starfsemi 3. Öryggismenning 4. Stöðugar umbætur	- Rekstur innan heimilda - Sjálfbært umhverfi - Skráning atvika - Árleg úttekt á öryggis- og umbótamenningu - Nýsköpunarverkefni	• Aukin kostnaðarvitund starfsfólks • Græn skref • Atvik leiði til umbóta • Stöðugar umbætur



HSS

HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURNESJA